

KB ABS1
Ársreikningur 2006

KB ABS1
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj.	3	Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Áritun óháðs endurskoðenda	4	Yfirlit um fjárfestingar	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		
Ársreikningur KB ABS1 2006	2		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur KB ABS1 er hluti af B-hluta ársreiknings Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. sem inniheldur ársreikning Verðbréfasjóða Kaupþings Banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings Banka og Fagfjárfestisjóða Kaupþings Banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á árinu 2006 að fjárhæð 26 millj.kr. Eigið fé sjóðsins í árslok nam 1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. mars 2007.

Í stjórn félagsins:

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður

Andri Vilhjálmur Sigurðsson

Birgir Örn Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Ómar Kaldal Ágústsson

Áritun endurskoðenda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í KB ABS1.

Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning KB ABS1. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign og skýringar nr. 1 - 15.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu, efnahagi hans 31. desember og breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 23. mars 2007.

Reynir Stefán Gylfason

KPMG hf.

Rekstrarreikningur 2006

	Skýr.	2006
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2-4	
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur		103
Vaxtagjöld		(73)
Hreinar fjármunatekjur		30
Rekstrargjöld:		
Umsýsluþóknun	5	4
		4
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini		<u>26</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Skýr. 2006

Eignir:

Verðbréf:

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	19
Afleiðusamningar	946
Eignir samtals 6-10	<u>965</u>

Skuldir:

Skuldir við rekstrar- og vörslufélag	(1)
Útgefin skuldabréf	(963)
Skuldir samtals	<u>(964)</u>

Hrein eign samtals 1

Eigið fé:

Hlutdeildarskírteini 12-13 1

Hrein eign	1
Fjöldi eininga	1
Gengi sjóðsbréfa í árslok	<u>1,11</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2006

Skýr. 2006

Rekstrarhreyfingar:

Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini 26

Fjármögnunarhreyfingar

Seld hlutdeildarskírteini 1

Innleyst hlutdeildarskírteini (26)
(25)

Hækkun á hreinni eign 1

Hrein eign í ársbyrjun 0

Hrein eign í árslok 1

Yfirlit um fjárfestingar 2006

KB ABS 1

	Markaðs- verð	% af eign
Óinnleystur hagnaður af afleiðuviðskiptum	946	98,0%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	<u>19</u>	<u>2,0%</u>
Heildarverðmæti fjárfestinga	965	100,0%
Útgefin skuldabréf	(963)	(99,8%)
Skuldir samtals	<u>(1)</u>	<u>(0,1%)</u>
Hrein eign samtals	<u><u>1</u></u>	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Fagfjárfestasjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. sem er dótturfélag Kaupþings Banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2006. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

Arður

4. Arður er færður í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er samþykkt. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi.

Umsýsluþóknun

5. Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. eignastýringarþóknun sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu en auk þess greiðir sjóðurinn Arion hf. vörsluþóknun. Umsýsluþóknunin reiknast sem breytileg eignastýringarþóknun og sem fast hlutfall af hreinni eign sjóðsins, sem hér greinir:

	Eignastýringar- þóknun	Umsýslu- þóknun
KB ABS1	0,35%	0,15%

Fjárfestingar

6. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í árslok. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.
7. Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í árslok. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.
8. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í árslok.
9. Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok.

Skýringar, frh.:

10. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en á árinu 2007 eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðanna eru færðir á markaðsverði. Samningarnir eru notaðir til að verja sjóðina gegn vaxta- og gengisáhættu vegna verðbréfa. Með afleiðusamningum sjóðanna er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu þeirra. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa.

Skattamál

11. Fagfjárfestasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

Hlutdeildarskírteini

12. Raunávöxtun fagfjárfestasjóðs Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. m.v. 31. desember 2006

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði
KB ABS1	3,30%	5,50%

13. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti 2006	Gengi 2006
KB ABS1	1	1,11

Skýringar, frh.:

14. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingarstefnu.

	Eign	Fjárfestingarstefna	
	2006	Lágmark	Hámark
	%	%	%
Innlán fjármálafyrirtækja	2	0	100
Aðrir fjármálagerningar	98	0	100

15. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutdeildar- skírteini		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum					19	2	19	2
Afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða					946	98	946	98
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>965</u>	<u>100</u>	<u>965</u>	<u>100</u>